

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/643**2020/EES/26/08****frá 18. apríl 2018****um hagskýrslur um járnbrautarflutninga***(endurútgefin) (*)*

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Rétt er, þar sem um frekari breytingar verður að ræða, að endurútgefa þá reglugerð til glöggvunar.
- 2) Járnbrautir eru mikilvægur hluti af flutninganeti Sambandsins.
- 3) Hagskýrslur um flutninga á vörum og farþegum með járnbrautarlestum eru nauðsynlegar til að gera framkvæmdastjórninni kleift að fylgjast með og þróa sameiginlegu stefnuna í flutningamálum, sem og flutningstengda þætti sem varða stefnur í tengslum við svæðin og samevrópsk net.
- 4) Hagskýrslur um öryggismál járnbrauta eru einnig nauðsynlegar til að gera framkvæmdastjórninni kleift að undirbúa og fylgjast með aðgerðum Sambandsins á sviði öryggismála í flutningastarfsemi. Járnbrautarstofnun Evrópusambandsins safnar gögnum um slys skv. I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB ⁽⁵⁾ að því er varðar sameiginlega öryggisvísa og sameiginlegar aðferðir við að reikna út kostnað vegna slysa.
- 5) Einnig er krafist hagskýrslna um járnbrautarflutninga á vettvangi Sambandsins til að uppfylla eftirlitsskyldurnar sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB ⁽⁶⁾.
- 6) Safna ætti saman hagskýrslum á vettvangi Sambandsins um allar gerðir flutninga samkvæmt almennum hugmyndum og stöðlum í því skyni að ná fram sem mestum mögulegum sambærileika milli flutningsmáta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð), við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Álit frá 6. desember 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. mars 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 12. apríl 2018.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 frá 16. desember 2002 um hagskýrslur um járnbrautarflutninga (Stjttíð. EB L 14, 21.1.2003, bls. 1).

(4) Sjá IX. viðauka.

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB frá 29. apríl 2004 um öryggi járnbrauta í Bandalaginu og um breytingu á tilskipun ráðsins 95/18/EB um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja og tilskipun 2001/14/EB um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og álagningu gjalda fyrir notkun á járnbrautargrunnvirkjum og fyrir öryggisvottun (tilskipun um öryggi járnbrauta) (Stjttíð. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 44).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB frá 21. nóvember 2012 um að koma á samevrópsku járnbrautarsvæði (Stjttíð. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 32).

- 7) Mikilvægt er að forðast tvíverknað og hámarka nýtingu fyrirleggjandi upplýsinga sem hægt er að nota við hagskýrslugerð. Koma ætti á viðeigandi samstarfssamningum um hagskýrslugerð milli þjónustudeilda framkvæmdastjórnarinnar og viðeigandi eininga, þ.m.t. á alþjóðavettvangi, í því skyni og með það í huga að veita borgurum Sambandsins og öðrum hagsmunaaðilum auðfengnar og nýtsamar upplýsingar um öryggi í járnbrautarflutningum og rekstrarsamhæfi járnbrautarkerfisins, þ.m.t. um járnbrautargrunnvirki.
- 8) Leitast skal við að skapa jafnvægi milli þarfa notenda og álags á svarendur við samantekt evrópskra hagskýrslna.
- 9) Framkvæmdastjórnin vísaði, í skýrslu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um fengna reynslu sína af beitingu reglugerðar (EB) nr. 91/2003, til þeirrar staðreyndar að langtímaþróun muni að líkindum leiða til afnáms eða einföldunar á gögnum sem þegar hefur verið safnað samkvæmt þeirri reglugerð, og að markmiðið sé að stytta gagnasendingartímabilið fyrir árleg gögn um járnbrautarfarþega. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að taka saman skýrslur með reglulegu millibili um framkvæmd þessarar reglugerðar.
- 10) Það að járnbrautarfyrirtæki eru til samhliða í einkaeigu og í eigu hins opinbera er starfa á frjálsum markaði fyrir járnbrautarflutninga kallar á að tölfræðilegu upplýsingarnar sem öll járnbrautarfyrirtæki ættu að afhenda og Hagstofa Evrópusambandsins að miðla séu skýrt tilgreindar.
- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að útbúa sameiginlega hagskýrslustaðla sem veita heimild til samantektar á samræmdum gögnum, og sem innleiða á í hverju aðildarríki undir yfirráðum aðila eða stofnana sem stjórna samantekt á opinberum hagskýrslum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 12) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ⁽¹⁾ er kveðið á um tilvísunarramma fyrir ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 13) Framselja ætti framkvæmdastjórninni valdheimild til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingar á þessari reglugerð til að aðlaga tæknilegar skilgreiningar og gefa færi á tæknilegum viðbótarskilgreiningum til að endurspeglar nýja þróun í aðildarríkjunum og halda á sama tíma í samræmda söfnun á gögnum um járnbrautarflutninga um allt Sambandið, og með það fyrir augum að viðhalda háum gæðum gagna sem aðildarríkin senda inn. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽²⁾. Evrópuþingið og ráðið fá öll skjöl í hendur á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna, einkum til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 14) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að þessar framseldu gerðir auki ekki til muna álag á aðildarríkin eða á svarendurna.
- 15) Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar að því er varðar lýsingu á upplýsingum sem veita á vegna skýrslna um gæði og sambærileika niðurstaðna, og tilhögunina á miðlun þeirra niðurstaðna af hálfu framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins). Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³⁾.
- 16) Samráð hefur verið haft við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja sameiginlegar reglur um gerð hagskýrslna um járnbrautarflutninga á vettvangi Sambandsins.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi skal ná yfir allar járnbrautir í Sambandinu. Hvert aðildarríki skal láta í té hagskýrslur sem varða járnbrautarflutninga á landsbundnu yfirráðasvæði þess. Þegar járnbrautarfyrirtæki starfar í fleiri en einu aðildarríki skulu hlutaðeigandi innlend yfirvöld krefja fyrirtækið um að láta af hendi aðskilin gögn fyrir hvert land þar sem það rekur starfsemi í því skyni að greiða fyrir samantekt á landshagskýrslum.

Aðildarríkjunum er heimilt að undanskilja eftirfarandi fyrirtæki frá þessu gildissviði:

- a) járnbrautarfyrirtæki sem starfa einungis eða að mestu leyti innan iðnaðarsvæða eða á svipuðum svæðum, þ.m.t. höfnum,
- b) járnbrautarfyrirtæki sem veita einkum þjónustu við staðbundna ferðaþjónustu, eins og verndaðar, sögulegar gufuknúnar járnbrautir.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „skýrslugjafarland“: aðildarríkið sem afhendir Hagstofu Evrópusambandsins gögn,
- 2) „landsyfirvöld“: hagstofur aðildarríkja og aðrir aðilar sem bera ábyrgð á að taka saman evrópskar hagskýrslur í hverju aðildarríki,
- 3) „járnbraut“: samskiptaleið sem samanstendur af járnbrautarteinum sem einungis járnbrautarvagnar notast við,
- 4) „járnbrautarvagn“: færanlegur búnaður sem rennur eingöngu á járnbrautarteinum og færast annaðhvort úr stað með eigin afli (farartæki til dráttar) eða annað farartæki dregur (lestarvagnar, eftirvagnar járnbrauta, farangurs- og vöruvagnar),
- 5) „járnbrautarfyrirtæki“: opinbert fyrirtæki eða einkafyrirtæki sem lætur í té þjónustu við flutninga á vörum og/eða farþegum á járnbrautum. Undanskilin eru fyrirtæki sem reka aðeins starfsemi sem felst í að veita þjónustu við flutninga á farþegum í neðanjarðarlestum, sporvögnum og/eða léttlestum,
- 6) „vöruflutningar á járnbrautum“: flutningur á vörum með járnbrautarvögnum milli fermingarstaðar og affermingarstaðar,
- 7) „farþegaflutningar á járnbrautum“: flutningar á farþegum með járnbrautarvögnum á milli þess staðar þar sem er farið um borð og þess staðar þar sem farið er frá borði. Farþegaflutningar með neðanjarðarlestum, sporvögnum og/eða léttlestum eru undanskildir,
- 8) „neðanjarðarlest“ (e. „metro“, „subway“, „metropolitan railway“ eða „underground“): rafmagnsjárnbraut til að flytja farþega með afkastagetu til að sinna mikilli umferð og einkennist hún af einkarétti á leiðum, lestum með marga vagna, miklum ferðahraða og skjótri hröðun og háþrúðum merkjasendingum, sem og engum mótum brautarteina og akvega til að greiða fyrir hárrí tífni lesta og mikilli afkastagetu brautarpalla. Neðanjarðarlestir einkennast af brautarstöðvum með skömmu millibili þar sem jafnan eru 700 til 1200 metrar milli stöðva. „Háhraða“ vísar til samanburðar við sporvagna og léttlestir og er hér átt við 30–40 km/klst eða svo á styttri leiðum en 40–70 km/klst á lengri leiðum,
- 9) „sporvagn“: ökutæki fyrir farþega sem tekur fleiri en níu einstaklinga í sæti (að öikumanni meðtöldum) og tengist rafleiðurum eða er knúð af dísilhreyfli og rennur eftir brautarteinum,
- 10) „léttlest“: járnbraut ætluð til farþegaflutninga og notar oft rafknúna farþegavagna á lestarteinum, einvagna eða með fáum vögnum á föstum, tvöföldum járnbrautarsporum. Jafnan er skemmra en 1200 metrar á milli brautar- eða stoppistöðva. Léttlestir eru, í samanburði við neðanjarðarlestir, léttar byggðar, hannaðar fyrir minni umferðarafköst og eru jafnan á minni hraða. Stundum er erfitt að gera nákvæman greinarmun á léttlestum og sporvögnum; sporvagnar eru jafnan ekki aðskildir frá umferð á vegum en léttlest getur á hinn bóginn verið aðskilin frá öðrum kerfum,

- 11) „landsbundnir flutningar“: járnbrautarflutningar á milli tveggja staða (fermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er um borð og affermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er frá borði) í skýrslugjafarlandinu. Í því getur falist gegnumflutningur um annað land,
- 12) „millilandaflutningar“: járnbrautarflutningar á milli staðar (fermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er um borð og affermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er frá borði) í skýrslugjafarlandinu og staðar (fermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er um borð og affermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er frá borði) í öðru landi,
- 13) „gegnumflutningur“: járnbrautarflutningar um skýrslugjafarland milli tveggja staða (fermingarstaðar eða staðar þar sem gengið er um borð og affermingarstaðar og staðar þar sem gengið er frá borði) utan skýrslugjafarlandsins. Flutningastarfssemi sem felur í sér fermingu/borðgöngu eða affermingu/göngu frá borði af vörum/farþegum á landamærum skýrslugjafarlandsins frá/til annars flutningsmáta telst ekki til gegnumflutnings,
- 14) „járnbrautarfarþegar“: einstaklingar, aðrir en járnbrautarstarfsmenn, sem ferðast með járnbrautum. Farþegar sem reyna að fara um borð eða frá borði í eða af lest á ferð eru taldir með í tölfræði um slys,
- 15) „fjöldi farþega“: fjöldi ferða með járnbrautarfarþegum þar sem ein ferð er skilgreind sem ferð frá borðgöngustað til staðar þar sem gengið er frá borði, með eða án flutnings frá einum járnbrautarvagni til annars. Noti farþegar þjónustu margra járnbrautarfyrirtækja skal aðeins telja þá einu sinni, sé það mögulegt,
- 16) „kílómetrafjöldi farþega“: mælieining sem táknar flutning á einum járnbrautarfarþega yfir vegalengd sem nemur einum kílómetra. Aðeins skal talin með vegalengdin á innlendu yfirráðasvæði skýrslugjafarlandsins,
- 17) „þyngd“: magn af vörum í tonnum (1000 kílóum) þyngdin sem taka á tillit til inniheldur, til viðbótar við þyngd fluttra vara, þyngd pakkinga og törubunga gáma, lausra yfirbygginga, vörubretta og einnig ökutækja sem flutt eru með járnbrautum þegar um ræðir samsetta flutninga. Sé þjónusta fleiri en eins járnbrautarfyrirtækis notuð við vöruflutninga skal aðeins telja þyngd vara einu sinni, sé það mögulegt,
- 18) „tonn á kílómetra“: mælieining við vöruflutninga sem táknar flutning á einu tonni (1000 kílóum) yfir vegalengd sem nemur einum kílómetra. Aðeins skal telja þar með vegalengdina á innlendu yfirráðasvæði skýrslugjafarlandsins,
- 19) „lest“: einn eða fleiri járnbrautarvagnar sem dregnir eru af einni eða fleiri eimreið eða sporreiðum, eða ein sporreið sem ekið er einni, samkvæmt gefnum fjölda eða á tiltekinni áætlunarleið frá föstum tilgreindum upphafsstað til tilgreinds ákvörðunarstaðar. Lítið farartæki á teinum, þ.e. eimreið sem ekið er einni, telst ekki vera járnbrautarlest,
- 20) „lest á kílómetra“: mælieining sem táknar ferð lestar yfir vegalengd sem nemur einum kílómetra. Fjarlægðin sem er notuð er vegalengdin sem ferðast er um, sé hún tiltæk, að öðrum kosti skal nota staðlaða fjarlægð á milli upphafs- og ákvörðunarstaðar. Aðeins skal telja þar með vegalengdina á innlendu yfirráðasvæði skýrslugjafarlandsins,
- 21) „heilfarmur í lest“: sending sem samanstendur af einum eða fleiri vagnförmum sem fluttir eru samtímis og af hálfu sama sendanda á sömu brautarstöð og framsendur án breytinga í lestarsamsetningu til heimilisfangs sama viðtakanda á sömu brautarstöð á ákvörðunarstað,
- 22) „heilfarmur í lestarvagni“: vörusending þar sem lestarvagn er einvörðungu notaður fyrir hana, hvort sem heildarhleðslugetan er nýtt eða ekki,
- 23) „TEU (eining sem samsvarar tuttugu fetum)“: stöðluð eining sem byggist á ISO-gámi sem er tuttugu fet á lengd (6,10 m) og er notuð sem tölfræðileg mælieining um umferðarflæði eða -umfang. Einn staðlaður 40 feta ISO Series 1 gámur jafngildir 2 TEU-einingum. Lausar yfirbyggingar undir 20 fetum samsvara 0,75 TEU-einingum, milli 20 feta og 40 feta samsvara 1,5 TEU-einingum og yfir 40 fet samsvara 2,25 TEU-einingum.

2. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. og breyta þessari grein til að samþykkja tæknilegar skilgreiningar sem koma fram í liðum 8, 9, 10, 21, 22 og 23 í 1. mgr. þessarar greinar og til að kveða á um tæknilegar viðbótarskilgreiningar þegar þörf er á til að taka tillit til nýrrar þróunar sem krefst þess að tiltekið stig tæknilegra atriða verði skilgreint í því skyni að tryggja samræmingu hagskýrslna.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að framseldu gerðirnar auki ekki álag á aðildarríkin eða svarendurna við framkvæmd þessara valdheimilda. Framkvæmdastjórnin skal enn fremur rökstyðja hagskýrsluáðgerðirnar, sem kveðið er á um í þessum framseldu gerðum, á viðeigandi hátt, og nota, eftir því sem við á, greiningu á kostnaðarhagkvæmni, þ.m.t. mat á fyrirhöfn svarenda og á kostnaði við gerðina, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

4. gr.

Gagnasöfnun

1. Setja skal tölfraðilegar upplýsingar, sem safnað verður saman, fram í viðaukunum við þessa reglugerð. Þær skulu ná yfir eftirfarandi tegundir gagna:

- a) árlegar hagskýrslur um vöruflutninga — ítarleg skýrslugjöf (I. viðauki),
- b) árlegar hagskýrslur um farþegaflutninga — ítarleg skýrslugjöf (II. viðauki),
- c) ársfjórðungslegar hagskýrslur um vöru- og farþegaflutninga (III. viðauki),
- d) svæðishagskýrslur um vöru- og farþegaflutninga (IV. viðauki),
- e) hagskýrslur um umferðarflæði í járnbrautakerfinu (V. viðauki).

2. Aðildarríki skulu gera skýrslu samkvæmt gögnum í I. og II. viðauka fyrir fyrirtæki sem eru með:

- a) heildarmagn vöruflutninga að minnsta kosti 200 000 000 tonna á kílómetra eða að minnsta kosti 500 000 tonna,
- b) heildarmagn farþegaflutninga að minnsta kosti 100 000 000 farþega á kílómetra.

Skýrslugjöf samkvæmt I. og II. viðauka skal vera valkvæð að því er varðar fyrirtæki sem eru undir viðmiðunarmörkunum sem um getur í a- og b-lið.

3. Aðildarríki skulu, samkvæmt VIII. viðauka, gera grein fyrir heildargögnum fyrir félög undir viðmiðunarmörkunum sem um getur í 2. mgr. ef ekki er greint frá þessum gögnum í I. og II. viðauka, eins og tilgreint er í VIII. viðauka.

4. Að því er varðar þessa reglugerð skulu vörur flokkaðar í samræmi við VI. viðauka. Að auki skal flokka hættulegan farm í samræmi við VII. viðauka.

5. gr.

Gagnalindir

1. Aðildarríki skulu tilnefna opinbera eða einkarekna stofnun til að taka þátt í gagnasöfnuninni sem farið er fram á í samræmi við þessa reglugerð.

2. Komast má yfir nauðsynleg gögn með því að nota samsetningu eftirfarandi heimilda:

- a) skyldubundnar kannanir,
- b) stjórnsýslugögn, þ.m.t. gögn sem eftirlitsyfirvöld hafa safnað, einkum farmbréf vöruflutninga með járnbrautarlestum, ef slíkt bréf er tiltækt,
- c) tölfraðilegar matsaðferðir,
- d) gögn sem fagfélög í járnbrautariðnaðinum hafa lagt fram,
- e) sérstakar rannsóknir.

3. Landsyfirvöld skulu gera ráðstafanir vegna samræmingar gagnalinda sem notaðar eru til að tryggja gæði hagskýrslna sem sendar eru til Hagstofu Evrópusambandsins.

6. gr.

Sending hagskýrslna til Hagstofu Evrópusambandsins

1. Aðildarríki skulu senda Hagstofu Evrópusambandsins þær hagskýrslur sem um getur í 4. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um tilhögun sendingar hagskýrslna sem um getur í 4. gr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

*7. gr.***Miðlun**

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal miðla hagskýrslum sem byggðar eru á gögnum sem tilgreind eru í I.–V. og VIII. viðauka.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um tilhögun miðlunar niðurstaðna. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

*8. gr.***Gæði hagskýrslna**

1. Hagstofa Evrópusambandsins skal taka saman og birta aðferðafræðilegar ráðleggingar til að hjálpa aðildarríkjum að viðhalda gæðum hagskýrslna á sviði járnbrautarflutninga. Ráðleggingar þessar skulu hafa hliðsjón af bestu starfsvenjum innlendra yfirvalda, járnbrautarfyrirtækja og fagfélaga í járnbrautargeiranum.
2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði gagnanna sem send eru.
3. Hagstofa Evrópusambandsins skal meta gæði hagskýrslnanna. Í þessu skyni skulu aðildarríki, að beiðni Hagstofu Evrópusambandsins, láta af hendi upplýsingar um aðferðir sem notaðar eru við samantekt hagskýrslnanna.
4. Í reglugerð þessari er að finna þær gæðaviðmiðanir sem beita á við gögn er senda á og mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina nákvæmt fyrirkomulag, skipulag, tíðni og sambærileika þátta fyrir staðlaðar gæðaskýrslur. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

*9. gr.***Skýrslur um framkvæmd**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2020 og síðan á fjögurra ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, að höfðu samráði við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið, um framkvæmd þessarar reglugerðar og um framtíðarþróun.

Í þeirri skýrslu skal framkvæmdastjórnin taka til greina viðeigandi upplýsingar sem aðildarríkin hafa látið í té um gæði sendra gagna, gagnasöfnunaraðferðir sem notaðar hafa verið og upplýsingar um hugsanlegar endurbætur og um þarfir notenda.

Í þeirri skýrslu skal einkum:

- a) leggja mat á þann ávinning sem Sambandið, aðildarríkin og veitendur og notendur tölfraðilegra upplýsinga hafa af hagskýrslunum sem gerðar eru, miðað við kostnað þeirra,
- b) meta gæði sendra gagna, gagnasöfnunaraðferða sem notaðar hafa verið og gæði samantekinnna hagskýrslna.

*10. gr.***Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., í fimm ár frá 13. desember 2016. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framselja skal valdaframsalið með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmati framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 3. gr., skal því aðeins öðlast gildi hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafi upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Það tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

12. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 91/2003 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í X. viðauka.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 18. apríl 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

I. VIÐAUKI

ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM VÖRUFLUTNINGA — ÍTARLEG SKÝRSLUGJÖF

Skrá yfir breytur og mælieiningar	<p>Vöruflutningar í:</p> <ul style="list-style-type: none"> — tonnum — tonnum á kílómetra <p>Ferðir vöruflutningalesta í:</p> <ul style="list-style-type: none"> — lest á kílómetra <p>Fjöldi samþættra flutningaeininga, sem fluttar eru, eftir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — fjölda — TEU (eining sem samsvarar tuttugu fetum) (fyrir gáma og lausar yfirbyggingar)
Viðmiðunartímabil	Eitt ár
Tíðni	Hvert ár
Skrá yfir töflur með sundurliðun fyrir hverja þeirra	<p>Tafla I1: fluttar vörur, eftir flutningstegund</p> <p>Tafla I2: fluttar vörur, eftir vöruhegund (VI. viðauki)</p> <p>Tafla I3: fluttar vörur (alþjóðlega og í gegnumflutningi) eftir landi fermingar og landi affermingar</p> <p>Tafla I4: fluttar vörur, eftir flokki hættulegs farms (VII. viðauki)</p> <p>Tafla I5: fluttar vörur, eftir sendingartegund (valkvætt)</p> <p>Tafla I6: fluttar vörur í samþættum flutningaeiningum, eftir tegund flutninga og tegund flutningseiningar</p> <p>Tafla I7: fjöldi fermdra samþættra flutningaeininga sem fluttar eru, eftir tegund flutninga og tegund flutningseiningar</p> <p>Tafla I8: fjöldi tómra samþættra flutningaeininga sem fluttar eru, eftir tegund flutninga og tegund flutningseiningar</p> <p>Tafla I9: ferðir vöruflutningalesta</p>
Skilafrestur gagna:	Fimm mánuðir eftir lok viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil fyrir töflur I1, I2 og I3	2003
Fyrsta viðmiðunartímabil fyrir töflur I4, I5, I6, I7, I8 og I9	2004
Athugasemdir	<p>1. Tegund flutninga er sundurliðuð eins og hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — á landsvísu — koma frá útlöndum — fara til útlanda — gegnumflutningur <p>2. Tegund sendingar má sundurliða eins og hér segir:</p> <ul style="list-style-type: none"> — heilfarmur í lest — heilfarmur í vagni — annað

ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM VÖRUFLUTNINGA — ÍTARLEG SKÝRSLUGJÖF

3. Tegund flutningseininga er sundurliðuð eins og hér segir:
 - gámar og lausar yfirbyggingar
 - festivagnar (ómannaðir)
 - ökutæki (mönnuð)
4. Hvað varðar töflu I3 er Hagstofu Evrópusambandsins og aðildarríkjunum heimilt að gera ráðstafanir til að greiða fyrir samsteypu gagna sem verða til hjá fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum til að tryggja samræmi þessara gagna.
5. Hvað varðar töflu I4 skulu aðildarríki gefa til kynna hvaða umferðaflokkar, ef einhverjir eru, falla ekki undir gögnin.
6. Hvað varðar töflur I2–I8 skulu aðildarríki gefa skýrslu um öll tiltæk gögn þegar fullar upplýsingar um gegnumflutninga eru ekki tiltækar.

II. VIÐAUKI

ÁRLEGAR HAGSKÝRSLUR UM FARÞEGAFLUTNINGA — ÍTARLEG SKÝRSLUGJÖF	
Skrá yfir breytur og mælieiningar	Farþegar fluttir í: — fjöldi farþega — farþegar á kílómetra Ferðir farþegalesta í: — lest á kílómetra
Viðmiðunartímabil	Eitt ár
Tíðni	Á hverju ári
Skrá yfir töflur með sundurlíðun fyrir hverja þeirra	Tafla II1: farþegar fluttir, eftir flutningstegund Tafla II2: alþjóðlegir farþegar fluttir, eftir löndum þar sem stigið er um borð og löndum þar sem farið er frá borði Tafla II3: ferðir farþegalesta
Skilafrestur gagna:	Átta mánuðir eftir lok viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil	2016
Athugasemdir	1. Tegund flutninga er sundurliðuð eins og hér segir: — á landsvísu — á alþjóðavísu 2. Hvað varðar töflur II1 og II2 skulu aðildarríki gefa skýrslu um gögn, þ.m.t. upplýsingar um miðasölu utan skýrslugjafarlandsins. Upplýsingar þessar má annaðhvort nálgast beint frá landsyfirvöldum annarra landa eða fyrir milligöngu alþjóðlegrar bótagreiðslutilhögunar vegna miðasölu.

III. VIÐAUKI

ÁRSFJÓRÐUNGSLEGAR HAGSKÝRSLUR UM VÖRU- OG FARÞEGAFLUTNINGA	
Skrá yfir breytur og mælieiningar	Vöruflutningar í: — tonnum — tonnum á kílómetra Farþegar fluttir í: — fjöldi farþega — farþegar á kílómetra
Viðmiðunartímabil	Einn ársfjórðungur
Tíðni	Hver ársfjórðungur
Skrá yfir töflur með sundurlíðun fyrir hverja þeirra	Tafla III1: fluttar vörur Tafla III2: fluttir farþegar
Skilafrestur gagna:	Þrjú mánuðir frá lokum viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil	Fyrsti ársfjórðungur ársins 2004
Athugasemdir	<ol style="list-style-type: none"> Gefa má skýrslu um töflur III1 og III2 á grunni bráðabirgðagagna, þ.m.t. áætlana. Samkvæmt töflu III2 er aðildarríkjum heimilt að gefa skýrslu um gögn sem byggð er á farmiðasölum í skýrslugjafarlandi eða öðrum tiltækum heimildum. Veita skal þessar tölfræðilegu upplýsingar um fyrirtækin sem falla undir I. og II. viðauka.

IV. VIÐAUKI

SVÆÐISHAGSKÝRSLUR UM VÖRU- OG FARÞEGAFLUTNINGA	
Skrá yfir breytur og mælieiningar	Vöruflutningar í: — tonnum Farþegar fluttir í: — fjöldi farþega
Viðmiðunartímabil	Eitt ár
Tíðni	Fimmta hvert ár
Skrá yfir töflur með sundurliðun fyrir hverja þeirra	Tafla IV1: vöruflutningar innanlands eftir svæðum feringar og svæðum affermingar (Flokkun hagskýrslusvæða 2) Tafla IV2: alþjóðlegir vöruflutningar eftir svæðum feringar og svæðum affermingar (Flokkun hagskýrslusvæða 2) Tafla IV3: farþegaflutningar innanlands eftir svæðum þar sem stigið er um borð og svæðum þar sem farið er frá borði (Flokkun hagskýrslusvæða 2) Tafla IV4: alþjóðlegir farþegaflutningar eftir svæðum þar sem stigið var um borð og svæðum þar sem farið var frá borði (Flokkun hagskýrslusvæða 2)
Skilafrestur gagna	Tólf mánuðir frá lokum viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil	2005
Athugasemdir	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aðildarríki skal aðeins greina frá viðkomandi landi þegar feringar- eða affermingarstaður (töflur IV1, IV2) eða borðganga eða gagna frá borði (töflur IV3, IV4) er utan Evrópska efnahagssvæðisins. 2. Hagstofa Evrópusambandsins skal, í því skyni að aðstoða aðildarríki við undirbúning þessara taflna, láta þeim í té skrá yfir UIC-stöðvarkóða og tilheyrandi kóða flokkunar hagskýrslusvæða. 3. Í töflu IV3 og IV4 er aðildarríkjum heimilt að gefa skýrslu um gögn sem byggð eru á farmiðasölum eða öðrum tiltækum heimildum. 4. Veita skal þessar tölfræðilegu upplýsingar um fyrirtækin sem falla undir I. og II. viðauka.

V. VIÐAUKI

HAGSKÝRSLUR UM UMFERÐARFLÆÐI Á JÁRNBRAUTAKERFINU	
Skrá yfir breytur og mælieiningar	Vöruflutningar eftir: — fjölda lesta Farþegaflutningar eftir: — fjölda lesta Annað (þjónustulestir, o.s.frv.) (valkvætt): — fjölda lesta
Viðmiðunartímabil	Eitt ár
Tíðni	Fimmta hvert ár
Skrá yfir töflur með sundurliðun fyrir hverja þeirra	Tafla V1: vöruflutningar, eftir netkerfisbúti Tafla V2: farþegaflutningar, eftir netkerfisbúti Tafla V3: annað (þjónustulestar, o.s.frv.), eftir netkerfisbúti (valkvætt)
Skilafrestur gagna	Átján mánuðir frá lokum viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil	2005
Athugasemdir	<ol style="list-style-type: none"> Aðildarríki skulu skilgreina mengi netkerfisbúta sem eiga að minnsta kosti að teljast með samevrópsku járnbrautarflutninganetunum (TEN) á innlendu yfirráðasvæði þeirra. Þau skulu senda Hagstofu Evrópusambandsins: <ul style="list-style-type: none"> landhnit og önnur gögn sem þörf er á til að auðkenna og kortleggja hvern netkerfisbút, sem og tengslin milli búta,na, upplýsingar um einkenni (þ.m.t. afkastagetu) lestanna sem nota hvern netkerfisbút. Auðkenna skal hvern netkerfisbút sem er hluti af samevrópska járnbrautarflutninganetinu með viðbótareiginleikum í gagnafærslunni í því skyni að gera það kleift að ákvarða magn umferðar um samevrópska járnbrautarflutninganetið.

VI. VIÐAUKI

Staðlað vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir hagskýrslur um flutninga, 2007

Deilissvæði	Lýsing
01	Afurðir frá landbúnaði, veiðum og skógrækt, fiskur og aðrar fiskafurðir
02	Kol og brúnkol; hráolía og jarðgas
03	Málmgrýti og önnur efni unnin úr jörðu; mór; úran og þórín
04	Matvæli, drykkjarvörur og tóbak
05	Textílefni og textílvörur; leður og leðurvörur
06	Viður og vörur úr við og korki (aðrar en húsgögn); vara úr hálm og fléttiefnum; pappírsmauk, pappír og pappírsvara; prentað efni og upptekið efni
07	Koks og hreinsaðar olíuvörur
08	Íðefni, íðefnavörur og tilbúnar trefjar; gúmmí- og plastvörur; kjarnorkuelsneyti
09	Aðrar vörur úr málmlausum steinefnum
10	Hrámálmur, málmvörur, að undanskildum vélum og búnaði
11	Vélar og búnaður, ót.a.; skrifstofuvélar og tölvur; rafbúnaður og tæki, ót.a.; útvarps- og sjónvarpstæki og fjarskiptabúnaður og tæki; tæki til lækninga og nákvæmnivinnu og sjóntæki; úr og klukkur
12	Flutningatæki
13	Húsgögn, aðrar framleiðsluvörur ót.a.
14	Endurunnið hráefni; heimilis- og rekstrarúrgangur og annar úrgangur
15	Bréf, pakkar
16	Búnaður og efni notað við vöruflutninga
17	Vörur sem eru fluttar í tengslum við búslóðar- og skrifstofuflutning, farangur sem er fluttur aðskilinn frá farþegum, vélknúin ökutæki sem eru flutt til viðgerða, aðrar vörur sem eru ekki til sölu á markaði ót.a.
18	Vörur sem er safnað saman: ólíkar vörutegundir sem eru fluttar saman
19	Óskilgreinanlegar vörur: vörur sem af einhverjum ástæðum er ekki unnt að skilgreina og því ekki hægt að setja þær í flokka 01–16
20	Aðrar vörur ót.a.

VII. VIÐAUKI

FLOKKUN HÆTTULEGS VARNINGS

1. Sprengiefni
2. Gastegundir, samanþjappaðar, fljótandi eða uppleystar undir þrýstingi
3. Eldfimir vökvar
- 4.1. Eldfim, föst efni
- 4.2. Efni sem hætt er við sjálfkvikun
- 4.3. Efni sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir ef það kemst í snertingu við vatn
- 5.1. Oxandi efni
- 5.2. Lífræn peroxíð
- 6.1. Eiturefni
- 6.2. Smitandi efni
7. Geislavirk efni
8. Ætandi efni
9. Ýmis hættuleg efni

Athugasemd:

Flokkar þessir eru skilgreindir í reglum um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum, sem venjulega eru þekktar sem RID, eins og samþykkt hefur verið samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi (Stjúd. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

VIII. VIÐAUKI

Tafla VIII.1

UMFANG FLUTNINGASTARFSEMI Í VÖRUFLOTNINGUM	
Skrá yfir breytur og mælieiningar	Vöruflutningar í: — heildartönnum — heildartönnum á kílómetra Ferðir vöruflutningalesta í: — heildarkílómetrum lesta
Viðmiðunartímabil	Eitt ár
Tíðni	Hvert ár
Skilafrestur gagna:	Fimm mánuðir eftir lok viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil	2017
Athugasemdir	Aðeins fyrir félög með heildarumfang vöruflutninga undir 200 milljónum tonna á kílómetra og undir 500 000 tönnum og án skýrslugjafar samkvæmt I. viðauka (ítarleg skýrslugjöf)

Tafla VIII.2

UMFANG FLUTNINGASTARFSEMI Í FARÞEGAFLUTNINGUM	
Skrá yfir breytur og mælieiningar	Farþegar fluttir í: — heildarfjöldi farþega — heildarfjöldi farþega á kílómetra Ferðir farþegalesta í: — heildarkílómetrum lesta
Viðmiðunartímabil	Eitt ár
Tíðni	Hvert ár
Skilafrestur gagna:	Átta mánuðir eftir lok viðmiðunartímabils
Fyrsta viðmiðunartímabil	2017
Athugasemdir	Aðeins fyrir félög með heildarumfang farþegaflutninga undir 100 milljónum farþega á kílómetra og án skýrslugjafar samkvæmt II. viðauka (ítarleg skýrslugjöf).

IX. VIÐAUKI

NIDURFELLD REGLUGERÐ MEÐ SKRÁ YFIR SÍÐARI BREYTINGAR HENNA

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003
(Stjtið. ESB L 14, 21.1.2003, bls. 1)

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2003
(Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 13)

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2007
(Stjtið. ESB L 290, 8.11.2007, bls. 14)

Einungis 3. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 219/2009
(Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 109)

Eingöngu liður 4.4 í viðaukanum

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2032
(Stjtið. EB L 317, 23.11.2016, bls. 105)

X. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 91/2003	Þessi reglugerð
1., 2. og 3. gr.	1., 2. og 3. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 4. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 4. gr.
a-liður 1. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 4. gr.
c-liður 1. mgr. 4. gr.	b-liður 1. mgr. 4. gr.
e-liður 1. mgr. 4. gr.	c-liður 1. mgr. 4. gr.
f-liður 1. mgr. 4. gr.	d-liður 1. mgr. 4. gr.
g-liður 1. mgr. 4. gr.	e-liður 1. mgr. 4. gr.
2., 3. og 4. mgr. 4. gr.	2., 3. og 4. mgr. 4. gr.
5. mgr. 4. gr.	—
5., 6. og 7. gr.	5., 6. og 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
1. mgr. a í 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
2. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.
3. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
4. mgr. 8. gr.	5. mgr. 8. gr.
9., 10. og 11. gr.	9., 10. og 11. gr.
—	12. gr.
13. gr.	13. gr.
Viðauki A	I. viðauki
Viðauki C	II. viðauki
Viðauki E	III. viðauki
Viðauki F	IV. viðauki
Viðauki G	V. viðauki
Viðauki J	VI. viðauki
Viðauki K	VII. viðauki
Viðauki L	VIII. viðauki
—	IX. viðauki
—	X. viðauki